

## LÖG

um afnám laga nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Lög nr. 97 27. desember 1973, um löndun á loðnu til bræðslu, eru úr gildi felld. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 98 31. desember 1974 og lög nr. 79 31. desember 1977, um breyting á þeim lögum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 18. mars 1993.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Þorsteinn Pálsson.*

## LÖG

um bann við verkfalli og verkþanni á ms. Herjólfí.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Verkfall Stýrimannafélags Íslands á ms. Herjólfí, svo og verkþönn, verkföll og aðrar aðgerðir sem ætlað er að knýja fram aðra skipan kjaramála en lög þessi ákveða, er óheimilt.

2. gr.

Hafi Skipstjórafélag Íslands, Stýrimannafélag Íslands, Vélstjórafélag Íslands, Brytafélag Íslands og Sjómannafélagið Jötunn annars vegar og stjórn Herjólfis hf. hins vegar ekki náð samkomulagi um vinnutilhögun og launakjör fyrir 1. júní 1993 skal Hæstiréttur tilnefna þrjá menn í gerðardóm sem skuli ákveða kaup og kjör skipverja á ms. Herjólfí fyrir 1. ágúst 1993.

Hæstiréttur kveður á um hver hinna þriggja gerðardómsmanna skuli vera formaður dómsins.